

## 2019070028 Umsókn um lóð. Aðalgata 24

**Til** : 'elin@kls.is' <elin@kls.is>  
**Frá** : Helga Þuríður Magnúsdóttir  
**CC** : Axel Rodriguez Överby; Þórdís Sif Sigurðardóttir  
**Heiti** : 2019070028 Umsókn um lóð. Aðalgata 24  
**Málsnúmer** : 2019070038  
**Málsaðili** : Elín Árnadóttir  
**Skráð dags** : 30.07.2019 12:41:19  
**Höfundur** : Helga Þuríður Magnúsdóttir

**Viðhengi** [Capture.JPG](#)  
[Scan 7.pdf](#)

Sæl Elín

Sæl Elín

Mig langar að svara þér um lóðarúthlutanir í Ísafjarðarbæ.

Hér er samþykkt frá 2011

[https://www.isafjordur.is/static/files/ReglurOgSamthykktir/Umhverfismal/reglur\\_um\\_uthlutun\\_loda.pdf](https://www.isafjordur.is/static/files/ReglurOgSamthykktir/Umhverfismal/reglur_um_uthlutun_loda.pdf)

Lóðargjaldið er nú komið upp í 33.112 kr og í stað umhverfisnefndar er það skipulags-og mannvirkjanefnd sem tekur fyrir lóðarumsóknir.

Sjá gjaldskrá 2019: <https://www.isafjordur.is/static/files/Gjaldskrar/2019/gatnagerdar-og-byggingarleyfisgjold-eifold-.pdf>

Skilmálar á Suðureyrarmölum: <http://skipulagsaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/display.aspx?numer=13495>

-Aðalgata 24 (blönduð starfsemi)

Stærð lóðar er 345 m<sup>2</sup>. Hámarksstærð húss er 209 m<sup>2</sup>.

Hef ekki enn frétt hvenær næsti fundur verður en það er væntanlega um miðjan ágúst þegar flestir eru komnir úr sumarleyfi.

-Þetta er komið í ferli og vertu endilega í sambandi við byggingarfulltrúann Axel þegar hann kemur úr frí með allt sem viðkemur byggingarleyfi +gjöld.

Bestu kveðjur,

Helga Þ. Magnúsdóttir

Tæknideild

Ísafjarðarbær, Hafnarstræti 1, 400 Ísafjörður

450 8000 - helgathuridur@isafjordur.is - www.isafjordur.is

-----Original Message-----

From: Þórdís Sif Sigurðardóttir

Sent: 30. júlí 2019 08:35

To: Helga Þuríður Magnúsdóttir

Subject: FW: umsókn um lóð

Blessuð,

Hvað segir þú um þetta Helga?

Kv. Þórdís

Þórdís Sif Sigurðardóttir, sviðstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs / Bæjarritari  
450 8021 - 862 5041 - thordissif@isafjordur.is

-----Original Message-----

From: elin@kls.is [<mailto:elin@kls.is>]

Sent: mánudagur, 29. júlí 2019 13:56

To: Þórdís Sif Sigurðardóttir

Subject: Fwd: umsókn um lóð

Blessuð Þórdís, afsakaðu hvað ég er að ýta á þig, er búin að reyna að ná í þig í síma en ekki gengið. Mig langar bara að fá upplýsingar um þessi mál, þe. lóð á Suðureyri, sbr. neðangreint. Er fyrir vestan núna og það væri flott að heyra í þér, Kveðja Elín s. 841 2118

----- Upprunaleg skilaboð -----

Titill: Fwd: umsókn um lóð

Dagsetning: 19.07.2019 12:07

Frá: elin@kls.is

Til: thordissif@isafjordur.is

Sæl og blessuð Þórdís, ég fékk „out of office“ frá Brynjari, allir í fríi væntanlega og þú kannski líka, en í skilaboðum hans kom fram að ég gæti sent erindið á þig, svo ég geri það með ;)

Það gerist svosem sennilega ekkert í þessu fyrir en eftir sumarfrín hjá fólki og með haustinu. En það væri gott að vita hvaða líkur eru á að fá umrædda lóð, hvað það kosti og hvaða skilyrði þarf að uppfylla osfrv....

bestu kveðjur,

Elín

----- Upprunaleg skilaboð -----

Titill: umsókn um lóð

Dagsetning: 19.07.2019 10:50

Frá: elin@kls.is

Til: axelov@isafjordur.is, brynjarjo@isafjordur.is

Góðan dag, ég hef mikinn áhuga á að kaupa eða leigja lóð á Suðureyri.

Nánar tiltekið Aðalgötu 24 þar í bæ. Ég var búin að hringja og fá upplýsingar símleiðis um að lóðin væri laus til úthlutunar.

Meðfylgjandi er umsóknareyðublað, vinsamlegast látið mig vita ef frekari gagna er þörf á þessu stigi og hvort af þessu gæti orðið og hvenær.

kveðja,

Elín Árnadóttir

s. 841 2118